

Aðalfundur SFV haldinn í sal Krabbmeinsfélags Íslands við Skógarhlíð kl: 13.30.

Eybjörg H. Hauksdóttir framkvæmdastjóri SFV bauð fólk velkomið og gaf svo orðið til Höllu Þórhallsdóttur framkvæmdastjóra KÍ, sem einnig bauð gesti velkomna og sagði í grófum dráttum frá starfsemi KÍ.

Síðan var gengið til venjulegra aðalfundastarfa

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara; tillagan var að B. Bjarki Þorsteinsson sæi um fundarstjórn og var það samþykkt með lófataki, hann stakk svo upp á Margréti Árdísi Ósvaldsdóttur sem ritara og var það einnig samþykkt.
2. Skýrsla stjórnar; Pétur Magnússon stiklaði á stóru um helstu verkefni stjórnar og einnig benti hann á máli sínu til stuðnings, Árskýrslu SFV sem dreift var á fundinum og verður einnig send til aðildarfélaga auk þess að verða aðgengileg á vef samtakanna. Stærstu mál starfsársins voru vegna lífeyrisskuldbindinga, sem nú loks sér fyrir endann á, gerð þjónustusamninga um dagdvalir, ráðning persónuverndarfulltrúa, eftirfylgni vegna rammisamnings um þjónustu hjúkrunarheimila, auk starfa hinna ýmsu hópa og nefnda. PM þakkaði sérstaklega Eybjörgu framkvæmdastjóra SFV gott og mikið starf og einnig Gunnhildi persónuverndarfulltrúa kraft og elju í því mikla máli. Auk þess þakkaði PM stjórn og öllum sem að starfinu hafa komið.
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar; Ásgerður Björnsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga samtakanna, sem skoðunarmenn höfðu engar athugasemdir gert við. Fundarstjóri bauð því næst fundarmönnum að ræða þessa tvo liði þ.e. skýrslu stjórnar og reikninga samtakanna, enginn kvaddi sér hljóðs og var hvoru tveggja samþykkt.
4. Lagabreytingar; EHH mælti fyrir breytingu á 4 gr. laganna sjá bls. 46 í ársskýrslu, um árgjöld. Í grunnin er verið að breyta vegna þess að ekki eru öll aðildarfélögin að nýta sér kjaradeild samtakanna eða hina nýju stöðu persónuverndarfulltrúa. Það verður því grunnjald sem öll aðildarfélögin munu greiða og svo hlutfallsgjald, sjá nánar á bls. 46 í ársskýrslu.
5. Kosning formanns; PM býður sig fram áfram, samþykkt með lófataki.
6. Kosning annara stjórnarmanna; allir stjórnarmenn buðu sig fram áfram og var það einnig samþykkt með lófataki. Í stað Guðmundar Á. Péturssonar sem gengið hafði úr stjórn sl. haust bauð sig til stjórnarstarfa gamall félagi, Tryggvi Friðjónsson frá Sjálfsbjörgu og var það einnig samþykkt.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna; kosnir voru þeir Guðmundur Jóhannesson og Karl Óttar Einarsson.
8. Ákvörðun árgjalda; EHH mælti fyrir þessum lið og benti á greinargerð vinnuhóps SFV á bls. 48 og 49 í ársskýrslunni. Þar er tíunduð ástæða þess að um er að ræða grunngjal, af hverju þykir rétt að hjúkrunarheimili greiði hærra gjald og að þau aðildarfélög sem nýta sér starfsemi launanefndar og/ eða persónuverndarfulltrúa standi sameiginlega undir þeim liðum. Samþykkt án athugasemda.
9. Önnur mál; Halldór S. Guðmundsson frá Öldrunarheimilum Akureyrar steig í pontu og þakkaði stjórn mikið og gott starf og góð málþing. Hann hafi verið starfandi með hópi sem er að skoða velferðartækni og sagði viðræður við Sí ganga ákaflega hægt og hefði hann af því áhyggjur að seint muni ganga að nútímavæðast. Hann vildi tæpa á þremur atriðum; a) rammisamningurinn væri laus og hægt gengi að semja, b) umræðan um dagdvalir hver er að reka þær og fyrir hverja ? þær voru settar á laggirnar til að svara kröfu stjórnvalda um stuðning fyrir fólk til að efla það og styðja í að ráða betur við daglegt líf heima sem lengst, einnig til að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun, og síðast en ekki síst c) saknar hann stefnu frá stjórnvöldum í málaflokknum, í skýrslum sem til væru í ráðuneytinu, væri talað um reyna að horfa til nágrannalandanna með þann fjölda sem þarf stofnanavist og árið 2016 voru einungis 16% -> 80 ára á hjúkrunarheimilum. Af hverju er þá stefnan að byggja fleiri hjúkrunarrými af hverju er ekki verið að nota fé sem í það færi til að byggja upp aðra þætti eins og í velferðartækni, fleiri dagdvalir, aukna þjónustu heim o.s.frv. RSK gaf það í skyn í skýrslu sinni að inni á hjúkrunarheimilum væri þó nokkuð af fólkum sem ætti ekki að vera þar og máli þeirra til stuðnings sagði HSG að á ÖA væru 16% með minna en 1,0 á Rai mælikvarða og það væri örugglega víðar. Anna Birna Jensdóttir tók undir margt sem HSG sagði og lagði til að þetta innlegg hans yrði efni í ráðstefnu í haust, þar sem sannarlega uppbygging heimþjónustu hefði ekki haldist í hendur við kröfuna um stuðning við búsetu heima. PM þakkaði síðan góðan fund og traust til endurkjörs og bauð fundargestum kaffi og með því í boði KÍ og bað fundarmenn að hinkra eftir komu ráðherra Svandísar Svavarsdóttir sem kæmi kl: 15.

Fundi slitið kl: 14.45

Fundarritari: MÁÓ